

NORÐURLJÓ

Fréttabréf Norðuráls

5. tbl. 25.mai 2011. Ritstjórar: Raket Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Brian D. Marshall, Bjarni I. Björnsson, Jón H. Sveinsson, Jóna B. Sigurjónsdóttir og Jóhanna Árnadóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásmundsson o.fl.



Heilsuárið í maí:

- Hádegisfyrirlestrar: Líkamsþjálfun og teygjur (5. og 6. maí)
Hættu að hanga!
Komdu að hjóla, synda eða ganga! (9., 11., 13. og 16.maí)
- Fimleikadagar Norðuráls (7. og 21. maí)
- Það er frábært að vera foreldri: Fyrirlestur um foreldrasamstarf (5. maí)
- Hvannadalshnjúkur (13.-15. maí)
- Norðurálsleikarnir (28. maí)



Að undanfögnu hefur verið í nógu að snúast hjá þeim sem unnið hafa að undirbúningi Norðurálsleikanna sem haldnir verða að Jaðarsbökkum laugardaginn 28. maí. Myndin er frá því að eitt atriði Norðurálsleikanna var æft og undirbúið á verksmiðjusvæðinu fyrir skömmu. Meðal dagskrárliða á Norðurálsleikunum eru: Björgvin Frans og félagar úr Stundinni okkar, Íþróttálfurinn, Solla stírða og Glanni glæpur mæta á svæðið, Páll Óskar Hjálmtýsson, ásamt þrautum og leikjum við allra hæfi.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæru samstarfsmenn

Aprílmánuður var farsæll í öryggismálum. Ekkert skráningarskilt óhapp varð og fá fyrstuhjálparlys voru tilkynnt. Þó bar á fjölda tjóna á krönnum og farartækjum. Til að fækka slíkum tjönum er upplýsingamiðlun og umræður meðal starfsmanna og stjórnenda mikilvægar en margoft hefur sannað sig að það er besta leiðin til betri árangurs. Í lok apríl komu til okkar fulltrúar frá ráðgjafarfyrirtækinu Aubrey Daniels International en eins og starfsmenn muna var lögd könnun fyrir starfsmenn um öryggismenningu Norðuráls. Á einni viku náðu þessir ráðgjafar um 50 fundum með rúmlega 100 starfsmönnum Norðuráls úr öllum deildum. Við væntum niðurstöðu þeirra varðandi könnunina og úr viðtölum á næstunni. Í framhaldi af því verður starfsmönnum kynntar niðurstöður og fyrirhugað framhald af samvinnu við Aubrey Daniels International.

Framleiðsla verksmiðjunnar hefur gengið vel að undanfögnu og er framleitt magn vel umfram framleiðsluáætlun ársins. Viðhaldsverkefnum í aðveitustöð er nú lokið að þessu sinni og hefur straumur beggja kerlína verið hækkaður í þau gildi sem hann var fyrir aðgerðir í afriðlastöð. Það má alltaf búast við örlytlum óróleika í kerum við straumbreytingar sem þessar en enn sem komið er hefur starfsmönnum kerskálans gengið mjög vel að aðlaga kerresturinn að nýju straumgildi. Umhverfismál ganga almennt séð einnig vel. Það er ánægjulegt að sjá hversu góðum árangri við erum að ná í styttingu ristíma. Í apríl var meðal rislengdin ein mínúta og 51 sekúnda sem er það lægsta sem við höfum nokkru sinni náð. Þessi niðurstaða gefur fullan bónus í umhverfisliðnum fyrir rislengd. Það eru

þó blikur á lofti. Mæld losun á gaskenndum flúor frá kerskálum gegnum rjáfur hefur farið hækkanði síðustu mánuði og verðum við að snúa við þeirri þróun. Bæði viljum við lágmarka flúorlosun um rjáfur og einnig er mikilvægt að lágmarka flúor í vinnuumhverfi. Þar geta starfsmenn lagt sitt af mörkum þar sem umgengi um kerin í skautskiptum skiptir höfuðmáli. Skiptir þar mestu að hafa sem allra fæstar þekjur opnar við skautskipti og tryggja að skautleifar standi ekki inni kerskála, heldur sé skautleifum ekið inni kælibyggingar um leið og skautbakkar hafa verið fylltir. Með þessu lágmarkum við losun um rjáfur og sköpum um leið betra vinnuumhverfi fyrir okkur.

*Kær kvæða,
Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri
Norðuráls Grundartanga.*

Umferðaröngþveiti á bílastæðinu

Að undanfögnu hafa borist til öryggissviðs ábendingar vegna öngþveitis á bílastæðum Norðuráls. Rót vandans er sú að marga ökumenn Norðurálsbíllanna fýsir heim að loknum vinnudegi. Sérstaklega er þetta ástand milli klukkan 16 og 16:15. Margir hafa tekið upp þann hátt að aka úr bílastæðunum, leggja fyrir framan enda gangstéttarinnar og bíða eftir farþegum sínum þar. Þetta er slæmur siður þar sem að hætta skapast við þessar aðstæður. Stundum er bílaröðin orðin ansi löng sem stillt er svona upp, fólk á gangi á milli bíllanna, aðrir að aka eða bakka út úr stæðum við þessi þrængsli sem þarna myndast. Við þetta skapast slysa- og árekstrahætta. Því er beint til ökumanna og farþega Reykjavíkur- og Borgarnessbíllanna að ökumenn aki ekki út úr bílastæðunum fyrr en allir farþegar eru komnir í sæti sín og hafa spennt öryggisbeltin. Aki þá með sérstakri



aðgát út af bílastæðinu til að koma í veg fyrir tjón eða slys. Höfum í huga máltækin: Flas er ekki til fagnaðar - Flýtið ykkur hægt.


Með ósk um að við komum öll heil og örugg heim.

Trausti Gylfason öryggisstjóri.

Millitenging afriðla

Eins og margir hafa tekið eftir hafa undanfarna mánuði verið miklar framkvæmdir í gangi við lagningu á nýjum straumleiðurum í kjallara kerskála A og B. Tilgangurinn með þessari framkvæmd er að opna möguleika á því að tengja afriðil 21 við kerlínu 1. Að öllu jöfnu er afriðill 21 einn af fjórum afriðlum fyrir kerlínu 2. Með því að setja upp nýja DC rofa (jafnstraumsrofa) og leggja nýjan straumleiðara frá afriðli yfir í kerlínu 1 ásamt því að setja upp stjórnbúnað fyrir rofa þá er hægt að velja hvort afriðill 21 er settur inn á kerlínu 1 eða 2. Á ensku hefur eining með þessa eiginleika verið nefnd „Swing Unit“. Erfitt hefur reynt að finna þýðingu fyrir þetta en tillaga komið um orðið „Framsóknareining“ (hægt að sveifla til hægri eða vinstri eftir því sem vindurinn blæs).

Það sem vinnst með þessu er stórukið rekstraröryggi á kerlínu 1. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra áfalla sem Norðurál hefur orðið fyrir varðandi afriðla og háspennubúnað á þeirri línu. Þó svo að tveir afriðlar detti nú óvænt úr rekstri á kerlínu 1 er hægt að halda næstum fullum straumi á línunni, 185 kA nánar tiltekið. Að vísu þurfum við að fara í 195 kA á kerlínu 2, en þetta eru þó smávægilegar fórnir í samanburði við það að eiga á hættu að það frjósi í öllum kerum á kerlínu 1 ef aðeins er hægt að halda 120 kA á línunni. Fyrir áfanga þessa verkefnis er nú lokið. Hann



fólst í því að klára uppsetningu á öllum búnaði og gera millitengingu nothæfa með ákveðnum takmörkunum á sjálfvirkri stýringu afriðla. Millitengingin var gerð virk þegar lokaviðgerð fór fram á 36 kV háspennubúnaði. Í raun var hún forsenda þess að hægt væri að fara í fullnaðarviðgerð. Allt virkaði eins og til stóð þær tvær vikur sem 100% álag var á öllum nýuppsettum búnaði. Rétt er að tiltaka að þó þetta verkefni líti ekki út fyrir að vera stórt á pappírnum, þá er það í raun mjög umfangsmikið. Gera þurfti tvö steypt göng undir kerskála, byggja yfir leiðara í garði, smíða undirstöður fyrir leiðara og sjóða

saman leiðaraeiningar úr áli sem samtals veiga 80 tonn. Þegar umfangið var mest unnu u.þ.b. 20 manns við framkvæmdir. Að lokum er rétt að geta þess að grunnhugmyndin að þessari útfærslu kviknaði innan Norðuráls en síðan voru færustu sérfræðingar fengnir til að hanna einstaka þætti. Innlendir verktakar sáu síðan um framkvæmdir og stóðu þeir sig með sóma í þessu verki. Starfsfólk Norðuráls sem komið hefur að verkinu hefur einnig unnið mikið og gott starf sem ber að þakka fyrir.

Örvar Ármannsson rafveitustjóri.

Viðbygging vélaverk- stæðis tekin í notkun

Hjá mörgum starfsmönnum Norðuráls rann upp langþráð stund fimmtudaginn 5. maí sl., þegar viðbygging véla- og nú einnig rafmagnsverkstæðis var formlega tekin í notkun. Með þessari nýju byggingu verður aðstaða iðnaðarmanna (raf- og vélvirkja) hjá Norðuráli samliggjandi, ásamt starfsstöðvum verkvirkja, innkaupamanna og lagers. Fjalar Ríkarðsson framkvæmdastjóri Viðhaldssviðs segir nýbygginguna skapa mikla hagræðingu fyrir þessar deildir og um leið stjórnunarlega hagkvæmni í starfsemi Norðuráls. "Fyrir utan hagræðinguna af því að þessar deildir eru nú nánast undir sama þaki og þar með nálægar hver annarri er starfsmannaaðstaðan eins góð og frekast er hægt að hugsa sér," segir Fjalar.



Frá formlegri opnun, Fjalar Ríkarðsson framkvæmdastjóri Viðhaldssviðs flytur ávarp til starfsmanna.



Eins og sjá má eru skrifstofu- og starfsmannarýmiin björt og snyrtileg.

Framkvæmdir byrjuðu við stækkun verkstæðis sem og skrifstofurými á efri hæð í lok árs 2008 og hafa staðið fram á þennan dag. Með þessari nýbyggingu stækkar vélaverkstæðið um þriðjung við bætast 300 fermetrar. Á neðri hæð eru einnig rafmagnsverkstæði í 200 fermetra rými sem eru starfsstöðvar rafvirkja, rafeindavirkja og iðntölvuþjónustu. Þá eru einnig skrifstofur, hvíldarherbergi, snyrtingar og verkfæralager í alls 150 fermetra rými

á jarðhæð. Á efri hæð eru skrifstofur og vinnustöðvar, verkvirkja, innkaupamanna, sérfræðinga og stjórnenda í alls 260 fermetra rými, auk fundarherbergja og snyrtinga. Alls er nýbyggingin 1350 fermetrar. Aðalverktaki við bygginguna var Sveinbjörn Sigurðsson ehf. Arkitekt var Markstofa, Magnús H. Ólafsson. Umsjón, hönnun og eftirlit var í höndum HRV. Jarðverktaki var Bjarmar og Blikksmiðja Guðmundar sá um smíði loftræstikerfis.

Norðurálsleikarnir 2011.

Mundu eftir
Norðurálsleikunum
á **Jaðarsökkum Akranesi,**
laugardaginn **28. maí**
frá klukkan **13:30 - 17**





Guðjón Guðmundsson, sem starfað hefur frá upphafi í skautsmiðjunni og Sverrir Þór Guðmundsson sem nýlega tók við vaktstjórn.

Skautsmiðjan – stór endurvinnsla

Tíðindamaður Norðurljóss fór á stúfana til að kynna enn einni deildinni hjá Norðuráli, það er skautsmiðjunni. Fyrir svörum voru þeir Sverrir Þór Guðmundsson nýskipaður vaktstjóri í skautsmiðjunni og Guðjón Guðmundsson. Guðjón hefur starfað í skautsmiðjunni frá upphafi, enda orðar Sverrir Þór það þannig að skautsmiðjan hafi eiginlega

vaxið með Guðjóni og því þekki hann hana frá a til ö.

“Ég held að skautsmiðjunni sé best lýst sem stórra endurvinnslu,” segir Guðjón áður en þeir félagar rekja vinnsluferlið í skautsmiðjunni frá því að stærstur hluti hráefnisins kemur í smiðjuna, en það er kolaskautið sem er 1,1 tonn að þyngd. Með kolaskautinu er gaffallinn sem er úr áli og

stáli og er um 400 kíló á þyngd. Kolaskautið og gaffallinn eru steipt saman með endurbæddu járn sem hitað er upp í 1500 gráður. Úr þessari steypu fer skautið í svokallaða kragafyllingu, en þar er pappakragi settur í kringum pinnana á gafflinum og fyllt upp með kragasalla. Þá er skautið tilbúið og þeim raðað nokkrum saman á bakka sem færður er á lyftara inn í kerskála. Ending hvers skauts er 30 dagar og úr kerskalanum eru fullnýttu skautin tekin og skipt út fyrir þau nýju. Baðefnið, sem efnisvinnslan framleiðir og kynnt var í síðasta fréttabréfi, er hreinsað af og það endurnýtt, kolaafgangarnir brotnir af gafflinum. Kolaafgangarnir eru líka endurnýttir og fara til að búa til nýtt skaut, sem og gafflarnir sem iðulega eru notaðir aftur. Járníð sem kolaskautið og gaffallinn eru brædd saman með, svokölluð hulsa, er líka brædd upp og endurnýtt. Þær skautleifar sem ekki næst að hreinsa vegna þess að baðefnið hefur læst sig í þær, eru sendar til fyrirtækisins Blendi sem mylur það niður í salla, sem kraginn er síðan steiptur úr. “Nú ertu væntanlega farinn að sjá hvers vegna ég tala um stóra endurvinnslu,” segir Guðjón. Annað vaktakerfi er í skautsmiðjunni heldur en í öðrum framleiðsludeildum Norðuráls á Grundartanga. Þetta er svokallað “time care” kerfi, en þetta kerfi kemst nálægt því að fólk ráði hvernig það vinnur sína vinnuskyldu í hverjum mánuði.

Átta tíma vaktir eru í skautsmiðjunni og að jafnaði 12-14 manns á vakt. Vaktirnar eru 14 í viku í skautsmiðjunni og framleidd eru um 190 skaut á hverri vakt. Að lokum má geta þess að hlutfall kvenna meðal starfsmanna er herra í skautsmiðju en í öðrum framleiðsludeildum Norðuráls á Grundartanga, eða um 30%.

Hver er.....?

Nafn: Níels E. Reynisson

Starf: Sérfræðingur á öryggissviði

Fæðingarstaður, -dagur: Reykjavík, 31. ágúst 1980.

Fjölskylduhagir: Giftur Helgu Láru Bæringsdóttur og eigum við tvær dætur, Elísu Ósk 10 ára og Önnu 6 ára.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? 2. febrúar 2011.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Það er svo margt, en ætli skíði með fjölskyldunni og golf með vinunum sé ekki efst á lista.

Aðaláhugamálið? Skíði, golf og almenn útivist.

Uppáhalds matur? Léttreyktur hani.

Uppáhalds drykkur? Vatnið er alltaf best!

Ertu hjátrúafull/ur? Nei, get ekki sagt það.

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Engan einn frekar en annan, en væri samt alveg til í að taka 18 holar með Michael Jordan!

Uppáhalds sjónvarpsefni? Spennumyndir og íþróttir.

Besta bókín sem þú hefur lesið? Íslensk fjöll: Gönguleiðir á 151 tinda, en er svo sem ekki mikill lestrarhestur.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Margar...dæmi Nirvana og Jet Black Joe.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Skíði, golf og handbolti.

Lýstu þér í þremur orðum? Ákveðinn, forvitinn og hress.

Fallegasti staður á Íslandi? Þórsmörkin er í miklu upphaldi.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Ítalíu og/eða USA á skíði.

Framtíðarplön? Lifa lífinu og hafa gaman af því



Kynning á umhverfisvöktun iðjuveranna á Grundartanga

Forsvarsmenn iðjuveranna á Grundartanga stóðu fyrir opnum kynningarfundum um umhverfismál á Hótel Glym þann 7. apríl síðastliðinn. Fundinn sátu um 40 manns og voru þar mættir fulltrúar umhverfisnefnda Hvalfjarðarsveitar, Akraness, Kjósar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, fulltrúar Umhverfisstofnunnar og fulltrúar iðjuveranna á Grundartanga ásamt nokkrum bændum úr nágrenninu. Megintilgangur fundarins var að kynna niðurstöður umhverfisvöktunar iðjuveranna á nær- og fjærumhverfi fyrir yfiröldum og nærsveitungum. Fyrirtækin kynntu starfsemina og aðgerðir til að lágmarka losun frá verksmiðjunum og hóf Þorsteinn Hannesson próunarstjóri hjá Elkem Íslandi kynninguna á því að fara yfir umhverfismál hjá verksmiðjunni með kynningu á niðurstöðum þeirra mælinga sem þeim er uppálagt að gera samhliða framleiðsluferlinu. Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri Norðuráls Grundartanga ehf og Einar Friðgeir Björnsson framkvæmdastjóri



Um 40 manns sátu kynningarfundinn um umhverfismálin í Hótel Glym.

Umhverfis- og verkfræðisviðs hjá Norðuráli Grundartanga kynntu því næst fyrirkomulag reksturs álversins ásamt niðurstöðum mælinga. Kom þar fram að stöðugt væri unnið að því að bæta mengunarvarnir í verksmiðjunni. Þá væru einnig gerðar miklar kröfur um gæði hráefnis frá

birgjum en ónóg gæði þeirra geta aukið losun lofttegunda frá verksmiðjunni. Þar næst voru kynntar niðurstöður umhverfisvöktunar á Hvalfjarðarsvæðinu fyrir síðasta ár, 2010. Verkfræðistofan Efla tók saman ársskýrslu umhverfivöktunarinnar og kynnti niðurstöður hennar. Í umhverfinu eru gerðar ítarlegar mælingar á flúor, brennisteinsdíoxíði og ryki innan og utan þýnningarsvæðis verksmiðjanna á Grundartanga; í gróðri, vatni og uppsöfnun á flúor í beinum sauðfjár sem dvelur og elst upp í nærsveitinni. Niðurstöður mælinga leiða í ljós að losun Norðuráls er innan marka í allri starfsleyfistengdri starfsemi. Í fyrirspurnartíma eftir kynningarnar var meðal annars fjallað um staðsetninga loftgæðamælistöðva og hvort hugsanlega mætti fjölga þeim.



Nokkrir bændur og fulltrúar umhverfisnefnda voru meðal þeirra sem sóttu kynninguna.

Einar Friðgeir Björnsson framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs.

Á að slá í gegn í sumar?

Ef svo er þá er Golfklúbbur Norðuráls, GoNa, vettvangurinn

Lóan er komin og kylfingar komnir á kreik. Það er því tímabært að dusta rykið af golfkylfunum, taka nokkrar bolvindur og skrá sig í **GoNa**. Starfsemi klúbbsins verður með nokkuð hefðbundnum hætti og ráðgert er að halda fimm mót í sumar. Í hverju þeirra verða verðlaunuð þrjú efstu sætin í punktkeppni og fyrir besta skorið. Í sumarlok kemur í ljós hver verður samanlagður punktameistari Norðuráls en jafnframt eru veitt sérstök verðlaun, Norðurálsmeistarinn 2011, fyrir besta skorið í lokamótinu (einungis þó ein verðlaun til sama aðila).

Árgjaldið er óbreytt frá því í fyrra eða krónur 5.000 fyrir starfsmann. Gjaldið felur í sér þátttökugjald í öll mótin ásamt lokahófi. Makar eru boðnir velkomnir og greiða þeir þá þátttökugjald, kr.2000, pr.mót sem og þeir sem aðeins sjá sér fært að taka þátt í einu eða tveimur mótum. Við skráningu þarf að senda nafn þátttakenda á tölvupóstfangið golf@nordural.is eða á lagernum og leggja inn á reikning klúbbsins: 0186-26-1036, kt. 120666-5689



Með ósk um ánægjulegt golfsumar, stjórn GoNaBjarni Ólafsson • bjarnil3@gmail.com • Jóhanna Harpa Árnadóttir • johanna@nordural.is • Sölvi, svolvia@internet.is

Sumarafleysingarfólk undirbúið til starfa

Norðurál heldur árlega námskeið fyrir sumarafleysingastarfsmenn. Um er að ræða bæði námskeið fyrir nýja starfsmenn og fyrir starfsmenn sem hafa starfað sem sumarafleysingarmenn hjá fyrirtækinu áður. Á námskeiðunum er farið yfir ýmis atriði sem mikilvægt er að starfsmenn kunni áður en þeir hefja vinnu hjá Norðuráli. Nýliðanámskeiðin standa í tvo daga, en námskeið fyrir starfsmenn sem hafa unnið áður er einn dagur, átta stundir hver dagur. Á námskeiðunum er byrjað að kynna gildi og framtíðarsýn Norðuráls fyrir þátttakendum.

Gildin eru:

- Hagsýni
- Liðheild
- Heilindi

Framtíðarsýn:

- Að vera fyrirtæki í fremstu röð
- Að sýna gott fordæmi í öryggis- og umhverfismálum
- Að vera eftirsóknarverður vinnustaður



Starfsemi Norðuráls er kynnt og farið gegnum uppbyggingu álversins, ásamt kynningu á starfsemi og framleiðsluferli fyrirtækisins. Í þessum hluta er sýnt myndband sem gefur fólki betri sýn á umhverfið og vinnuna sem fer fram hjá Norðuráli. Myndbandið er notað

til hliðsjónar við kynningar á starfsemi mismunandi deilda. Einnig er myndbandið notað við kynningu á helstu slyshættum í hverri deild og hvernig rétt vinnubrögð og viðbrögð koma í veg fyrir slys. Kynntar eru væntingar Norðuráls til starfsmanna ásamt spurningunni „Hvað gerir starfsmann góðan?“ Þessi spurning fær fólk til þess að hugsa bæði um væntingar Norðuráls til þeirra og væntingar þeirra til Norðuráls. Helstu hættur í starfsumhverfis Norðuráls eru kynntar og einnig breytingar sem hafa orðið á öryggisreglum og vinnureglum. „Hvað er öryggi?“ er spurning sem lögð er fyrir þátttakendum og þeir velta fyrir sér hættum á svæði Norðuráls og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slys með réttum vinnubrögðum. Mikilvægi samvinnu fléttast inn í þessar umræður og hvernig hún skilar sér. Kynning á umgengni, vinnubrögðum, húshaldsreglum og vinnulýsingum, hvernig þessir þættir og að fylgja settum reglum skipta máli til þess að koma í veg fyrir slys. Kynning á SSOP sem eru stöðluð örug vinnubrögð. Starfsmönnum er kynnt hvernig þjálfun þeirra er háttað í viðkomandi deild og farið yfir hvaða störfum þeir munu gegna fyrstu dagana. Lyftarar og deiglubílar eru helstu farartækin innan svæðis Norðuráls. Mikil notkun tækjanna hefur áhrif á endingu en fyrst og fremst er það umgengni við tækin sem hefur áhrif á endingu þeirra. Velferð og heilsa starfsmanna skiptir Norðurál miklu máli enda skilar hraustur og heilsugóður starfsmaður starfi sínu vel. Farið er yfir þætti sem lúta að heilbrigðismálum starfsmanna. Starf hjúkrunarfræðings Norðuráls, ásamt heimsóknnum trúnaðarlæknis, er kynnt fyrir þátttakendum. Aðaltrúnaðarmaður Norðuráls kynnir sjálfan sig ásamt gildandi kjarasamning fyrir þátttakendum. Einnig kynnir hann bónuskerfi Norðuráls en ýmsir bónusar fást fyrir góða vinnu. Að lokum fá allir nýir starfsmenn tíma til að máta vinnufatnað og skó. Hver starfsmaður fær fatnað sem er merktur honum og mun biða hans á lagernum þegar viðkomandi hefur störf hjá Norðuráli. Hver starfsmaður fær skáp í baðhúsi þar sem höfð eru fataskipti fyrir og eftir vinnu.

Ester Björk Magnúsdóttir
starfsmaður í steypuskála.



Nýútskrifaðir iðnsveinar

Hjá Norðuráli starfar margt iðnmenntað fólk og starfsmenn verða sér einnig út um þau réttindi meðfram vinnu. Síðustu misserin hafa margir starfsmanna lokið iðnmenntun og á nýliðnum vetri luku allmargir sveinsprófi. Nokkrir þeirra komu saman á dögnum ásamt yfirmönnum sínum og fögnuðu því að vera komnir með sveinsbréfið í hendur. Á myndinni sem Ása Birna Viðarsdóttir tók við það tækifæri eru frá vinstri talið:

Einar Sigurður Sigursteinsson formaður á rafmagnsverkstæði, Friðrik Friðriksson, Guðmundur Steinar Jóhannsson, Guðrún Birna Ásgeirsdóttir, Máni Elmarsson, Hjalti Andrés Sigurbjörnsson, Karvel Líndal Hinriksson, Jóhann Ragnarsson, Einar Jónsson, Róbert Eyvar Ólafsson og Sæmundur Jónsson formaður kranaverkstæðis.

Mikilvægt að fara glaður út í daginn

Einn þeirra sem tók virkan þátt í apríllátakinu í öryggismálum var Axel Freyr Eiríksson starfsmaður á D-vakt í steypuskála. Axel Freyr er hress ungur maður, fæddur og uppalinn í Akranesi en hefur búið tvö síðustu árin í Borganesi ásamt unnustu sinni Elísabetu Fjelsted frá Ferjukoti. Þau eiga von á frumburði sínum núna í lok maímánaðar, þannig að mikið er að gerast hjá Axel Frey þessar vikurnar áður en væntanlegt fæðingarorlof tekur við.

“Það var ágætt að alast upp á Skaganum. Ég fékk snemma tækifæri til að skreppa á sjóinn. Faðir minn er meðal skipstjórnenda á Sturlaugi AK og ég sótti það stift að fá að skreppa í túra yfir jól og páska. Ég prófaði svo að vera á sjónum sumarið 2007, var fyrri hluta sumars á Hring frá Grundarfirði og síðsumars á Sturlaugi. Það var stuð að vera á sjónum. Svo hef ég líka kynnst sveitastörfunum hjá tengdó og unnið svo talsverðan tíma hérna í Norðuráli, þannig að það má segja að ég sé búinn að kynnast öllum helstu atvinnugreinunum í þjóðfélaginu,” segir Axel Freyr.

Líður vel í vinnunni

Axel Freyr hóf störf sem sumarafleysingamaður hjá Norðuráli 2005 og var þar líka sumarið eftir. “Ég byrjaði svo hér sem fastur starfsmaður í ársbyrjun 2008, svona korteri fyrir hrun. Þá var mikill munur að vera kominn í fasta vinnu, ég hefði ekki boðið í að vera atvinnulaus á þeim tíma. Ég hef alltaf verið á sama stað hérna, í steypuskálanum. Hérna er fínt að vera; þrýðilegur vinnustaður, mórallinn góður og góðir yfirmenn. Manni líður bara vel í vinnunni.” Axel Freyr segir að margir geri sér ekki grein fyrir því hvað jákvæðni hefur rosalega mikið að segja. “Þetta er rosalega mikið spurning um að koma sér í rétta hugarfarið. Mér finnst það mjög mikilvægt að fara glaður út í daginn. Ég myndi segja að þetta væri professional vinnustaður, það þurfa allir að vera með hausinn í lagi. Umfram allt þarf að hafa öll öryggisatriði í huga. Hérna erum við að vinna með heit og hættuleg efni og ef rétt vinnubrögð eru ekki viðhöfð er voðinn vís. Þetta er ekki bara eins og að afgreiða pylsu,” segir Axel Freyr og hlær.

Lærir kennarann í fjárnámi

Axel Freyr segir að góð frí milli vakta hjá Norðuráli gefi tækifæri til ýmissa hluta. Hann er meðfram vinnunni í fjárnámi við Kennaraháskóla Íslands



og stefnir á að ljúka því 2014. “Trausti Gylfason öryggisstjórinn okkar heldur því fram að ég hafi ákveðna fyrirmynd í kennaranum. Konan hans Sigríður Ragnarsdóttir kenndi mér alveg frá því ég var í 6. bekk í Grundaskóla. Að sjálfsgöðu féllst

ég á það enda var hún góður kennari. Svo er bara að sjá hvort þetta markmið mitt stenst en það gerir ekkert til þó því seinki aðeins. Aðalmálið er að þetta fjárnám gengur alveg upp, þetta er alveg hægt,” sagði Axel Freyr að endingu.



Ánægðir Biggest loser gaurar

Eins og greint hefur verið frá í Norðurljósum eru starfsmenn Norðuráls mjög virkir í Heilsuárinu og ýmislegt í gangi. Þeir eru nokkuð góðir með sig gaurarnir sem mynduðu svokallaðan Biggest loser hóp sem kepptu sín á milli í “grenningu” á þorranum og góunni. Voru það að minnsta kosti þegar Ása Birna Viðarsdóttir ljósmyndari hitti þá á dögnum. Það var Hafþór Magnússon sem stóð uppi sem sigurvegari í þessari óformlegu keppni, en með honum í fremri röðinni eru Sverrir Þór Guðmundsson og Gunnar Guðmundsson, en fyrir aftan Jón Gunnar Mýrdal, Guðjón Guðmundsson og Karvel Hinríksson.

KFÍA fékk viðurkenningu vegna Norðurlásmóts

Sem kunnugt er styður Norðurlá ymis menningartengd verkefni í nærumhverfi sínu. Meðal þeirra verkefna sem Norðurlá er aðalstuðningsaðili fyrir og er ekki síst stolt af er Norðurlásmótið í knattspyrnu, pollamót sem jafnan er haldið á Akranesi upp úr miðjum júnímánuði.

Á ársþingi Knattspyrnusambands Íslands, sem haldið var í febrúarmánuði síðastliðnum var Knattspyrnufélagi ÍA veitt grasrótarviðurkenning fyrir Norðurlásmótið sem haldið er af félaginu. Gísli Gíslason formaður KFÍA segir að þessi grasrótarviðurkenning sé ánægjuleg og mikilvæg viðurkenning til allra þeirra sem lagt hafa félaginu lið við undirbúning og framkvæmd Norðurlásmótsins, en þeir aðilar skipta hundruðum á ári hverju. „Norðurlásmótið er ekki aðeins mikilvæg tekjuöflun félagsins



Frá Norðurlásmótinu síðasta sumar.



Forráðamenn KFÍA taka á móti viðurkenningunni.

heldur einnig menningar- og íþróttaviðburður á landsvísi. Þúsundir barna og foreldra þeirra koma til Akraness til að njóta hollrar íþróttaiðkunar og útiveru og bæjarfélagið nýtur þessarar vinnu einnig í ríku mæli. Ekki er öllum ljós sú mikla vinna sem þessu fylgir og mikilvægi þessa verkefnis, en viðurkenningin varpar einmitt góðu ljósi á hversu gott starf

þarna er unnið í samvinnu KFÍA, styrktaraðila, foreldra og velunnura,” segir Gísli. Þess má geta að komandi Norðurlásmót verður hluti af hátíðahöldum vegna Þjóðhátíðar á Akranesi, en það byrjar föstudaginn 17. júní og stendur yfir þá helgi. Væntanlega verður mikið um dýrðir á Skaganum eins og ávallt þegar Norðurlásmótið er haldið.

Áhrif hreyfingar á félagslega heilsu

Í fyrri fréttabréfum hefur m.a. verið rætt um að æskilegt væri að setja sér markmið svo að framkvæmdaáætlun líkamsþjálfunar komi til með að vera í raunhæfum takti við daglegt líf.

Hvað er því ákjósanlegra en að stunda líkamsþjálfun í góðum félagskap?

Samvera með vinum og/eða vinnufélögum getur verið vel til þess fallin að veita ómetanlegan stuðning við þau markmið sem fólk hefur sett sér til líkamsþjálfunar. Við erum alltaf betur komin með að vera í samneyti við gott fólk sem við treystum, sama hvert verkefnið er. Fyrir utan það að við fáum flest út úr því meiri ánægju að fást við það sem við tökum okkur fyrir hendur í nærveru annarra heldur en þegar við erum ein. Það að hafa góða féлага með sér getur skipt sköpum. Fyrir þá sem hreyfa sig af skyldurækni og eru ekki sérstaklega gefnir fyrir það hreyfa sig, þá getur tíminn liðið hratt og það sem var ekki skemmtilegt getur breyst í andhverfu sína og orðið afar skemmtilegt. Fólk kemur kátt og hresst úr t.d. tækjasalnum og/eða göngutúrnem vegna þess að samneytið við þá sem viðkomandi var með skilaði aukinni orku og bjartsýni.



Já, samneyti við aðra veitir okkur kraft og styrk sem við þekkjum öll. Einnig er þekkt að fólk sem er undir miklu álagi eða hefur orðið fyrir áföllum gengur betur að lífa við erfiða reynslu ef það hefur deilt henni með einhverjum sem það treystir.

Því skiptir það okkur miklu máli að eiga góðan féлага nálægt okkur í vinnunni eða heima hjá okkur. Félagsskapur getur skipt fólk mjög miklu í sambandi við hvernig okkur reiðir af ef erfiðleikar steðja að. Mikilvægi félagslegrar heilsu er óumdeilt og mannleg samskipti eru mismunandi eftir persónum og

málefnum. Öllum er nauðsynlegt að rækta félagskap við aðra og hlúa að samskiptunum svo að okkur líði vel. Flest öll þekkjum við þá tilfinningu að finnast að við ræktum vini og vandamenn ekki nægjanlega. Við vitum öll að það er ótrúlega góð tilfinning að bæta úr því t.d. með því að hringja í vin sinn eða vinkonu og fá viðkomandi með sér í göngu, sund, hjólatúr eða líkamsræktartíma, eftir því sem hentar hverjum og einum.

Við kjósum flest að borða kryddaðan mat. Segja má að hreyfing geti haft svipuð áhrif á líðan okkar og krydd hefur á mat, þegar félagsleg heilsa er annars vegar. Skynsamlegast er að velja það sem við á og forðast að ofgera hlutunum. Ennfremur getur verið góð regla að venja sig á að skapa mismunandi viðhorfum rými þar sem margir eru saman.

Höfum það að markmiði að hlúa að félagslegu umhverfi okkar á hverjum degi, þá liður okkur öllum betur.

„Verum heiðarleg og sanngjörn í samskiptum.“
Árný Helgadóttir, deildarstjóri starfsmannaheilsuverndar.

Íþróttarálfurinn í heimsókn í Garðaseli

Við í heilsuleikskólanum Garðaseli, börn og starfsfólk, færum Norðuráli okkar bestu þakkir fyrir heimsókn Íþróttarálfins í leikskólann þann 10. maí sl. Óhætt er að segja að mikill spenningur og tilhlökkun hafi verið fyrir heimsóknina og stóðst hún allar þær væntingar sem við höfðum. Fræðsla um mikilvægi hreyfingar og hollrar næringar er eitthvað sem börnin í Garðaseli þekka vel og þau tóku vel undir það sem Íþróttarálfurinn minnti þau á. Góð vísa er aldrei of oft kveðin og mikilvægt að halda góðum gildum vakandi í umræðunni, með börnunum og ekki síður meðal starfsmanna sem eru fyrirmyndirnar," segir í þakkarbréfi frá Ingunni Rikharðsdóttur leiksskólustjóra í Garðaseli á Akranesi.

Eins og greint hefur verið frá í Norðurljósum var í samningi Norðuráls og Latabæjar vegna Heilsuársins að skólar í Hvalafjarðarsveit og Akranesi nyti góðs af fræðslu og skemmtun sem samningurinn felur í sér. "Samstarf Norðuráls og Latabæjar felur í sér að hvetja yngstu kynslóðina til heilsusamlegs lífens. Við teljum nauðsynlegt að hafa börn með í heilsuátakinu hjá okkur. Meiri árangur næst ef allir í fjölskyldunni eru með í breyttum lífstíl. Undanfarnar vikur hefur Íþróttarálfurinn verið að heimsækja leikskóla á Akranesi, í Borgarnesi og í Hvalfirði í boði Norðuráls vegna Heilsuársins. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og Norðurál fengið þakkir bæði frá foreldrum og starfsfólki leikskólanna," segir Brian Marshall fræðslustjóri Norðuráls.



Hættu að hanga!
Komdu að hjóla, synda eða ganga!
Ganga.is
Skráðu þig, þitt fyrirtæki eða hóp til leiks á www.ganga.is

Ganga

Heilsuárið leggur mikla áherslu á útiveru og góðar samverustundir með fjölskyldu og vinum í sumar. Til að styðja við það, ætlum við að taka virkan þátt í verkefnum á vegum UMFL og ekki síst í verkefnum www.ganga.is. Nánari upplýsingar um hvernig við sem fyrirtæki getum tekið þátt verða auglýstar síðar. Við hvetjum alla að kynna sér verkefnið sem verða á vegum UMFL í sumar. m.a. Unglingalandsmót á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina og fyrsta Landsmót 50+ á Hvammstanga 24-26.júní. Nánari upplýsingar á www.umfi.is

SUMARHÁTIÐ 2011 Á HELLISHÓLOM 10-12 JÚNÍ

VEG ANÐRÁFVEGNAÐUR:
18:00 6000,-
20:00 2000,-
40:00 10000,-

HÆGT VERÐUR AÐ SKRJA UM HUSIN FRÁ 20 MAÍ TIL OG MEÐ 2. JÚNÍ. UMSÓKNAR EYÐUBLÖÐ LIGGJA Á KAFFISTOFUM OG Á LAGER. SKILAINN UMSÓKN Á LAGER FYRIR 3. JÚNÍ!!

ALLIR SEM KOMA MEÐ EIGID FELLINGA TJALDVAGN EÐA ÞVÍLUMMLIKT ERU BEDIÐIR UM AÐ SKRÁ EIGLDA ÞANING AÐ HÆGT SE AÐ ÆTFLA Í MATINN SKRÁNING Á LAGER Í SIMA 6960-505

DAGSKRÁ LAUGARDAG:

11-14	HESTAR FYRIR KRAKKANA
15-17	ÁSGEIR VERÐUR MEÐ LEIKI OG HÓPEFLI FYRIR ALLA
18:30-19:30	HAMBORGARAR OG PULSUR FYRIR BÖRNIN
19:30	KJÜKLINGABRINGUR, LAMB OG SVÍN, ÁSAMT ÖLLU TILHEYRANDI FYRIR FULLORÐNA FÓLKID

HLIÐMSVETTIN AXLABANDIÐ LEIKUR FYRIR DANSI

GOLF KOSTAR 1000 KR

VEIÐI 2000 KR

HÓPEFLI OG LEIKIR

HÖPPKASTALAI ALLA HELGINA

ÖLLUM ER HEIMILT AÐ TAKA MEÐ SÉR GESTIN BEIR VERÐA RUKKADIR UM 1000 KR OG FÁFA ÁRMBAND SEM VEITIR FULLAN AÐGANG AÐ HATIÐINNI (MATUR OG ANNAD) BÖRN FÁ FRILT

Innleiðing á ISO 9001

Norðurál Grundartangi ehf stefnir að vottun á gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 árið 2012 og hafa öll svið hjá fyrirtækinu á einn eða annan máta komið að innleiðingunni. ISO 9001 er staðall frá alþjóðlegum staðlasamtökum, International Organization for Standardization, sem fyrirtæki beita til að fá vottun á skilvirku gæðastjórnunarkerfi. Þetta er einn staðall fyrir allar atvinnugreinar, alþjóðlega samræmdur og gefur tækifæri til stöðugra umbóta. Nálgunin hjá ISO 9001 beinist ekki að vottun vörunnar heldur ferlinu sem fer fram við framleiðslu vörunnar. Hjá Norðuráli er um að ræða það verklag sem notað er í framleiðsludeildum, við innkaup og hæfni/þjálfun starfsmanna sem að framleiðslunni koma. Helsta grunnaðferð gæðastjórnunar sem Norðurál notar í gæðakerfi sínu heitir PDCA og lýsir stefnumótandi aðferð til skipulagningar með því að nota eftirfarandi atburðaröð:

- Skipuleggja (plan) - Móta verklag og skipuleggja það.
- Innleiða (do) - Innleiðing nýrra ferla
- Athuga (check) - Kanna hvort unnið er eftir settu verklagi t.d. með úttektum, mælingum, könnunum og skráningu ábendinga.
- Fylgja eftir (act) - Greina frávik til að komast að orsökum þeirra. Tryggja umbætur og fylgja þeim eftir.

Ávinningurinn af stöðluðu verklagi er margvíslegur. Stöðluð vinnubrögð styðja við samræmingu á framleiðslu eða veittri þjónustu. Ennfremur aukast afköst starfsmanna, betri og skilvirkari vinnubrögð eru notuð og meiri ánægja verður hjá viðskiptavinum. ISO 9001 tryggir ekki gæði, það gerir aðeins starfsfólkið sjálft. ISO 9001 er skipuleg nálgun á því hvernig fyrirtæki ná fram markmiðum um gæði og kortleggur hvernig skuli skjalfesta, hvað þurfi að gera til að bæta gæði eða mæta væntingum viðskiptavina. Mikil áhersla er lögð á stuðning og ábyrgð stjórnenda í ISO 9001.

Talsverð áhersla er lögð á skjalahald í ISO 9001 svo hægt sé að sýna fram á/sanna að aðgerðir hafi verið framkvæmdar með réttum og samræmdum hætti, sem og hvað sé gert ef upp kemur vandamál. Skjalahald þjónar einnig þeim tilgangi að skýra gæðamarkmið og aðferðir,



tryggja samræmingu á vinnu við vöru, veita endurgjöf til að nota við forvarnir, tryggja skýr verkefni og samræmingu í framkvæmd þeirra svo dæmi séu nefnd. Norðurál Grundartanga er langt komið í innleiðingu á ISO 9001. Talsverð vinna liggur að baki skjalfestingu helstu ferla hvers sviðs, sem sjá má í Gæðahandbók Norðuráls (sjá Intranet/Gæðamál). Gæðaskjöl í Gæðahandbók eru reglulega tekin út af innra úttektarteymi þar sem okkar starfsfólk fer á milli sviða/deilda

og sannreynir hvort verklagi sé rétt lýst og framkvæmt. Úr úttektunum koma stundum frávik frá birtu verklagi og/eða athugasemdir varðandi hvað mætti betur fara. Ábyrgðaraðilar ferla fá frávikin/athugasemdirnar til meðhöndlunar og við tekur úrbótaferli með skilgreinda niðurstöðu þar sem skrá þarf hvað var að, hvar, hvað var gert til að laga, hver framkvæmdi úrbætur o.s.frv.

Sett hafa verið upp nokkur ný rafræn kerfi í SharePoint vegna gæðamála, t.d. áðurnefnd gæðahandbók, úttektarkerfi og ábendingakerfi. Við höfum því bæði þurft að tileinka okkur gæðahugsun (hvernig á sífellt að gera betur) og læra á ný tæki og tól.

Allir hlutaðeigendur; gæðatenglar, úttektarteymið, framkvæmdastjórar og starfsmenn eiga skilið hrós fyrir frábæra frammistöðu í innleiðingunni á ISO 9001 – þessi ferð er lærdómsrík og skemmtileg. Gangi okkur vel!

“Anyone who has never made a mistake has never tried anything new.” Albert Einstein.

Sigríður Hrund Pétursdóttir
sérfræðingur innra eftirliti.



Sjöfn Jónsdóttir
í mótuneyti:
Ég ætla að fara til Svíþjóðar og Danmerkur, á tónleika með Eagles í Kjellerub.



Arinbjörn Georgsson
farartækjaverkstæði:
Ætli ég verði ekki mest heima við.



Eysteinn Gústavsson
vélaverkstæði:
Ég ætla að fara norður á Strandir og síðan líka dunda mér í húsi sem ég er að byggja og bátunum.



Hafsteinn Rúnar Gunnarsson
öryggisfulltrúi:
Ég verð eina viku í bústað, en ætli ég verð svo ekki mest heima.



Ómar Björn Ragnarson
rafgreinir í kerskála:
Fyrir utan viku í bústað er það alveg óákveðið, fer sjálfsagt eftir veðri.

Líkami þinn - einn líkami lífið á enda

Líkami okkar er undravert tæki – tæki sem við þurfum að umgangast af virðingu. Sé þess gætt að við fáum þá næringu fyrir líkama og sál sem við þörfumst, hreyfingu og hvíld nær líkama okkar að þroskast og dafna, okkur til velmegunar alla lífsleiðina. Sé ekki gætt að því að leyfa líkama okkar að dafna visnar hann og nær ekki þeim möguleikum sem honum er ætlað að ná við fæðingu. Það er margt í dag sem gerir það að verkum að við hugum ekki nógu vel um líkama okkar. Íslendingar eru nú fjórða feitasta þjóð heims sem gerir það að verkum að við erum að næra líkama okkar um of og hugum ekki að því að



hreyfa hann til að mæta þessari ofnæringu. Þessi ofnæring hefur það í för með sér að hjartað fer að gefa sig, liðir stíðna, lifrin fer að hægja á sér og sykursýki af týpu 2 gerir vart við sig. Svefnvandamál hjá ungu fólki og fólki á miðjum aldri fara nú vaxandi. Þau eru m.a. rakin til aukinnar tölvunotkunar á kvöldin og um nætur. Tölvur gefa frá sér rafbylgjur er hafa áhrif á dægursveiflur líkamans og hefur það áhrif á svefninn. Svefn er líkama

okkar jafn mikilvægur og næring og hreyfing. Í svefni endurnýjar líkaminn sig og undirbýr undir nýjan dag með nýjum áskorunum. Ekki má gleyma því að næra sálina, efla hana og draga úr þáttum í lífinu er hafa neikvæð áhrif á hana. Þáttum er geta gert það að verkum að sálin dragi úr mætti líkamans til að eflast og dafna. Sé þess gætt að umgangast líkama og sál af virðingu eigum við að ná að eflast og dafna sem einstaklingar í lífinu. Við verðum að huga að því hvað við gerum við líkama okkar á hverjum degi – umgöngumst hann af virðingu og alúð því við höfum jú bara einn líkama... lífið á enda.

Ingvi Þór Ágústsson hjúkrunarfræðingur.

Öryggistrúnaðarmenn hjá Norðuráli

Eins og á öðrum stærri vinnustöðum eru starfandi hjá Norðuráli öryggistrúnaðarmenn. Þeir eru kosnir úr hópi starfsmanna til allt að tveggja ára í senn. Í reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, frá 1986, með breytingum frá 9. nóvember 2006 segir m.a. um öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði og öryggisnefndir að atvinnurekandi skuli stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í nánú samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra. Í 6. grein sem fjallar um fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri segir: "Í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefndir tvo fulltrúa. Báðir fulltrúar atvinnurekenda í öryggisnefnd teljast öryggisverðir og báðir fulltrúar starfsmanna öryggistrúnaðarmenn. Öryggistrúnaðarmennirnir hjá Norðuráli eru fimm talsins: Finnboogi Rafn Guðmundsson sem starfar í innkaupadeild, Leiknir Sigurbjörnsson á D-vakt kerskála, Francios Claes á A-vakt í steypuskála, Sigurjón Björn Sveinsson á rafmagnsverkstæði og Jóhannes Ágústsson í skautsmiðju. Finnboogi Rafn er Skagamaður fæddur 1965 og hóf störf hjá Norðuráli 2007 í innkaupadeild þar sem hann starfar enn. Leiknir Sigurbjörnsson er líka Skagamaður fæddur 1972. Hóf störf hjá Norðuráli árið 2000 og hefur starfað í kerskála allan tímann og nú síðustu ár sem liðsstjóri. Sigurjón Björn Sveinsson er úr Hafnarfirði fæddur 1965. Sigurjón hefur starfað hjá Norðuráli frá upphafi, 1998 og alltaf á viðhaldsdeild. Seinni árin hefur Sigurjón aðallega verið í iðntölvustýringum. Francios Claes er búsettur á Rauðanesi á Mýrum. Hann fæddist 1967 og nú í maímánuði er ár



Francios Claes



Finnboogi Rafn Guðmundsson.



Sigurjón Björn Sveinsson.



Leiknir Sigurbjörnsson.

frá því hann hóf störf hjá Norðuráli. Francios hefur á þessum stutta tíma öðlast það traust að vera kosinn öryggistrúnaðarmaður af vinnufélögum sínum. Jóhannes Ágústsson er Reykvikingur, fæddur 1955 og hefur starfað hjá Norðuráli frá árinu 1999. Jóhannes hefur verið öryggistrúnaðarmaður í skautsmiðjunni í átta ár og á lengstan starfstíma að baki sem öryggistrúnaðarmaður hjá Norðuráli. Jóhannes var kosinn til þess trúnaðarstarfs skömmu eftir að Trausti Gylfason var ráðinn í starf öryggisstjóra Norðuráls á Grundartanga.



Jóhannes Ágústsson.



Gæðamál í Helguvík

Markmið Helguvíkurteymisins er að afhenda álver sem er samkeppnishæft, öruggur vinnustaður sem uppfyllir starfsleyfi Helguvíkur og aðrar opinberar kröfur varðandi umhverfismál og vinnuumhverfi starfsmanna. Hönnun og bygging álversins þarf jafnframt að standast kröfur eigandans um afhendingartíma og kostnaðaráætlun. Í undirbúningi Helguvíkurverkefnisins hefur mikil vinna verið lögð í að skilgreina og lýsa nauðsynlegum framleiðslubúnaði og framleiðsluferlum. Töluverð reynsla er meðal starfsmanna Norðúrals á Grundartanga af uppbyggingu og rekstri álvers og var leitast við að nýta þessa reynslu við gerð lýsinganna (e. facility descriptions). Þessar búnaðar- og ferlalýsingar eru, ásamt gögnum frá Aluminum Pechiney varðandi rafgreiningartæknina,

grunn gögn Helguvíkurteymisins við hönnun álversins.

Fyrirkomulag gæðamála

Fyrirkomulag gæðamála Helguvíkurverkefnisins byggir á því að hver deild og allir starfsmenn bera ábyrgð á að gæðamál séu í hávegum höfð. Með gæðum er t.d. vísað til þess að koma í veg fyrir mistök og tryggja að verk séu unnin rétt í upphafi og að ekki komi til leiðréttinga og/ eða að endurvinnna þurfi verk. Mynd 1 sýnir í megindráttum fyrirkomulag gæðamála Helguvíkur. Heildaryfirsýn og samræming gæðamála er í höndum verkefnisstjóra Helguvíkurverkefnisins. Tryggja þarf að gæðaviðmið séu uppfyllt og að vinna allra deilda Helguvíkurverkefnisins og þeirra fjölda verkfræðinga sem munu vinna við hönnun og byggingu álversins verði jöfn

og góð, þannig að markmið Norðúrals með byggingu álversins náist. Deildirnar sem um er að ræða eru annarsvegar Stuðningsdeildir og hins vegar Svæði. Stuðningsdeildir (Hlutverk stuðningsdeilda er að veita sérfræðilega ráðgjöf og stuðning til Svæða.):

- Verkfræðideild (Engineering)
- Innkaupadeild (Procurement)
- Eftirlitsdeild (Project Controls)
- Framkvæmdadeild (Construction)
- Prófanir og Gangsetning (Commissioning)
- Gæðadeild (Quality Assurance & Control)
- Starfsmannadeild (HSE, Health, Safety and Environment)

Svæði (Svæði eru rammi um ákveðin framkvæmdarverkefni og bera ábyrgð á framkvæmdum ákveðinna svæða):

- Kerskálar (Potrooms)
- Skautsmiðja og kerskálar (Rodding and Casting)

- Stoðkerfi (Utilities)
- Háspenna og rafkerfi (HV & Electricity)

Bæði Stuðningsdeildir og Svæði gefa út framkvæmdaáætlanir (Execution Plans), sem lýsa almennt hvernig vinna viðkomandi deilda mun fara fram. Framkvæmdaáætlanir innihalda m.a. skipurit, ábyrgðarsvið, og tíma- og kostnaðaráætlanir.

Verkferlar

Hver stuðningsdeild gefur út verkferla sem lýsa þeirri vinnu sem framkvæma þarf í deildinni og aðkomu utanaðkomandi að vinnunni, t.a.m. aðkomu annarra deilda, fulltrúa eiganda eða opinberra aðila. Sem dæmi má nefna að verkferlar Verkfræðideilda skilgreina vörður með ákveðnu millibili þar sem hönnunarvinna skal metin af fulltrúa eiganda og/eða annarra hagsmunaaðila áður en lengra er haldið.

Fyrsta skráningarskylda fjarveruslysið í Helguvík

Í apríl urðu tvö skráningarskyld slys við störf verktaka í Helguvík. Aðhlyningarslys varð 4. apríl er þrjú starfsmenn verktaka voru að losa klæðningu af flutningsvögnum. Klæðningin var skorðuð af á vögunum með timbri sem neglt var niður í gólf vagnsins. Starfsmennirnir tóku þá ákvörðun að reyna að losa þetta með göfflum á lyftara sem þeir voru með í stað þess að nota kúbein eins og upphaflega var áætlað. Einn starfsmannanna stóð fyrir framan lyftarann en með vagninn á milli. Þegar timbrið losnaði var það mikill þrýstingur á því að það skaust í átt að starfsmanninum og í andlit hans. Sauma þurfti tvö spor í hægri augabráun en hann hélt áfram vinnu eftir rannsókn málsins á svæðinu. Hjálmur og öryggisgleraugu björguðu að ekki fór verr. Fjarveruslys varð 28. apríl er starfsmaður var að beygja



Starfsmaður var með hægri hönd á efsta járn af fimm sem hann beygði í einu.

steyppstyrktarjárn í beygvél. Vélin var á sjálfvirkri stillingu og beygði í 90°. Hann var búinn að beygja svona járn í rúma klukkustund þegar vélin stoppaði ekki þar sem hún átti að stoppa en hélt áfram með beygjuna þannig að starfsmaðurinn gætti ekki að sér og klemmdi þrjá fingur á milli leggja steypujárnsins. Starfsmaðurinn mætti til léttu-vinnu þann 2. maí.

Við rannsókn kom margt í ljós sem hafði farið úrskeiðis m.a. að ekki var farið eftir áhættugreiningu og vélin ekki notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda. Þetta atvik er enn í rannsókn. Í kjölfar þessara tveggja atvika hafa verktakar sett í gang ferli þar sem unnið er að bættum aðbúnaði og öruggari vinnubrögðum í framtíðinni.

Gæðaeftirlit og Gæðadeildin

Í Helguvík verður starfrækt Gæðadeild, sem mun hafa það verkefni að tryggja að unnið sé samkvæmt áðurnefndum verkferlum. Ennfremur hefur Gæðadeildin umsjón með almennum gæðaferlum sem lýsa almennum verkferlum sem gilda á framkvæmdatíma verkefnisins. Stuðningsdeildirnar og Svæðin munu sjá um hið eiginlega daglega gæðaeftirlit. Gæðadeildin mun hafa eftirlit með að allar deildir framkvæmi gæðaeftirlit í samræmi við framkvæmdaráætlanir og verkferli. Meðal verkefna gæðaeildarinnar verða:

- Úttektir til að tryggja að unnið sé samkvæmt útgefnum verkferlum
- Úttektir til að tryggja að gæðaeftirlit við framleiðslu og uppsetningu búnaðar sé framkvæmt samkvæmt áætlunum og verkferlum.
- Þátttaka í gæðahópum
- Endurskoðun og uppfærsla gæðaferla

Það er mat Helguvíkurteymisins að verk- og gæðaferlin sem fjallað er um hér að framan, ásamt skipulagi teymisins muni tryggja að markmið Norðúrals varðandi Helguvíkurálverði muni nást.

Guðbrandur Gimmel.